

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðurumdæminu um vegagjörð* **101**
yfir Svínahraun. — Með brjefi frá 28. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt **4. júlí.**
mjer frá, að þjer, eptir að undirboðsþing hefði farið fram um framhald vegagjörðar þeirrar yfir Svínahraun, er samið var um í fyrra við Eirík Ásmundsson, hafið samið við tómt-húsmann Lúðvík Alexíusson um, að hann taki að sjer 400 faðma langan kafla af þessum vegi, fyrir 4 kr. 60 a. faðminn, og skuli vegagjörð þeirri lokið fyrir 1. nóvbr. þ. á.; hafið þjer beiðzt samþykkis míns til þessarar ráðstöfunar, og takið það fram um leið, að Lúðvík Alexíusson sje fús á að taka að sjer aðgjörð á enn lengri kafla af veginum yfir Svínahraun, og að æskilegt væri, að sem mest af þessum vegi yrði fullgjört á sumri því, er nú er að liða.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að eg fellst á, að gjört verði í sumar við allt að 600 föðmum af veginum yfir Svínahraun, í viðbót við þá 1000 faðma, sem samið var um í fyrra, fyrir áminnsta borgun, 4 kr. 60 a. fyrir faðminn.

— *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um eptirlit með kirkju.* **102**
— Í brjefi frá 23. f. m. hef jeg fengið álit stiptysfirvaldanna um kæruskjal Eggerts **26. júlí.**
Stefánssonar á Staðarhóli, þar sem hann meðal annars fer þess á leit, að umsjón Staðarhólskirkju verði tekin af Jóni yfirdómara Pjeturssyni, og að kirkjan verði með skemmdum sínum matin af óvilhöllum mönnum. Skal nú stiptysvöldunum út af þessu tjáð það, er hjer segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og ráðstafanar.

Þess skal þá fyrst getið, að það virðist landsstjórninni allsendis óviðkomandi, hvernig kirkjueiganda þeim, er tekið hefir að sjer gagnvart landsstjórninni að annast kirkjuna, semur við sameigendur sína, og verður að leita úrlausnar dómstólanna um ágreining þann, er upp kemur milli þeirra.

Það, sem hjer kemur þá til álita, er það, hvort Jón yfirdómari Pjetursson, sem hefir tekið að sjer umsjón Staðarhólskirkju, hefir gegnt skyldu sinni vítalaut, eptir því sem skjöl þau og skilríki, er fram hafa komið í þessu máli, bera með sjer.

Í þessu efni verð jeg að leiða athygli stiptysfirvaldanna að því einkum og sjer í lagi, að brjef frá prest og sóknarmönnum, dags. í maímán. þ. á., og visitazíur prófasts 8. sept. 1875 og 1. sept. 1876 bera með sjer, að nefndur kirkju-eigandi hefir síðustu árin undanfarin engan umboðsmann haft innan hjeraðs til að hafa eptirlit með kirkjunni og gegna skyldum þeim, er kirkju-eigendur hafa við prest og kirkju, að skruða kirkjunnar hefir eigi verið haldið hreinum, nje heldur kirkjunninni sjálfri, að sálmaðókum kirkjunnar hefir eigi verið haldið við, og sama er að segja um graftól, ljósa-hjálma og ljósapípur, að vantað hefir brauð og vín handa altarisgöngufólki, að þakið á kirkjunni, turn og veggir eru í því ástandi, að víða sjer út um, að eigi hefir verið saminn neinn kirkjureikningur fyrir fardaga-árið 1875—1876, o. s. frv.

Jeg hlýt nú út af þessum kærum að skora á stiptysfirvöldin, að leggja fyrir nefndan kirkju-eiganda að laga það, sem ábótavant er, á hæfilegum fresti, og láti hann farast fyrir að hlýðnast þessum fyrirmælum, býst jeg við, að þjer gjörið ráðstöfun til þess, að skipaður verði sjerstakur tilsjónarmaður fyrir kirkjuna af hendi landsstjórnarinnar á kostnað eigandanna, og að jafnframt verði hafin málssókn gegn kirkju-eigandunum, að undangenginni kyrrsetningu á svo miklu af því, sem kirkjan á til, sem við þykir þurfa til þess að bæta það, sem nú er að henni, og halda henni síðan við á sóma-samlegan hátt.

Hinn 29. sept. 1877.